

orðsgefandans og á þann hátt bakað honum tjón og hefir það verið staðfest fyrir rétti. Hin tvö fjalla um það, að stefnandi hafi ekki staðið skil á peningum (kr. 30,00) er hann hafi tekið á móti vegna stöðvarinnar. En annar vottorðsgefandinn hefir ekki viljað vinna eið að því atriði vottorðs síns, sem að þessu litur, fyrir rétti, en hefir hinsvegar borið það, að honum hafi líkað vel við stefnanda sem afgreiðslumann. Þá hefir stefnandi lagt fram vottorð fjölmargra samverkamanna sinna við Litlu Vörubílastöðina og eins samverkamanns síns við Vörubílastöðina í Reykjavík, sem öll eru þess efnis, að hann hafi verið ábyggilegur og samvinnugóður starfsmaður og hefir vottorðum þessum ekki verið mótmælt sem óstaðfestum. Hefir stefndri því engan veginn tekizt að sanna, að stefnandi hafi verið rækur fyrirvaralaust úr starfi sínu, enda sést á fundagerðunum að það er ekki talin orsök til uppsagnarinnar, heldur fjárskortur, og verður þessi sýknuástæða stefndrar þá heldur ekki tekin til greina.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnd verður fyrir hönd margnefndrar vörubílastöðvar dæmd til að greiða hina umstefndu upphæð með vöxtum eins og krafizt hefir verið svo og málskostnaðar, sem ákveðst kr. 150,00.

Vegna þess að bæjarþing hefir ekki verið haldið síðan 15. dez. f. á. hefir dómur eigi verið kveðinn upp í máli þessu fyrr en nú.

Föstudaginn 3. nóv. 1933.

Nr. 6/1933. **Jónas Hvannberg** (Pétur Magnússon)

gegn

skiptaráðandanum í Árnæssýslu, f. h. protabús Friðriks Sigurðssonar og útibúi Landsbanka Íslands á Selfossi
(Th. B. Lindal).

Veðsetning talin falla undir sjálfsvörsluveð í heildarsafni hluta og metin ógild.

Úrskurður skiptaréttar Árnæssýslu 15. nóv. 1932: Kröfur þessar verða eigi teknar til greina.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi dags. 14. júní 1929 veðsetti Friðrik bóndi Sigurðsson á Gamla-Hrauni í Árnessýslu áfrýjanda 3 kýr, er nánar eru tilgreindar í bréfinu, og auk þess 25 ær, 2—5 vetra, mark hálf af fram- an og standfjöður aftan á báðum eyrum, og 11 gemlinga (7 geldinga og 4 gimbrar) með sama marki, að sjálfsvörsluveði til tryggingar 1300 kr. víxilábyrgð, er áfrýjandi hafði gengið í fyrir hann, og 400 kr. peningaláni er áfrýjandi hafði veitt honum. Er kveðið svo á í veðbréfinu að farist eitthvað af hinum veðsettu skepnum eða fargi veðsali þeim, beri honum að bæta öðrum jafngóðum í skarðið og nái veðrétturinn þá til þeirra. Veðbréf þetta er Friðrik undirritaði í viðurvist tveggja vitundarvotta, var afhent sýslumanni til innritunar í veðmálábækurnar 18. júní 1929 og þinglýst á manntalsþingi á Eyrarbakka 16. júlí s. á. Eftir beiðni Friðriks Sigurðssonar var bú hans tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Árnessýslu 22. ágúst 1931. Með kröfulýsingu, dags. 25. sept. 1931, lýsti áfrýjandi í þrotabúið kr. 1623,74 skuld og var hún eftirstöðvar áðurnefnds peningaláns, kr. 323,74, og upphæð víxils, er hann hafði ábyrgðst fyrir gjaldþrota og orðið að leysa til sín, kr. 1300,00. Krafðist áfrýjandi þess, að skuld þessi yrði greidd sér úr búinu sem forgangskrafa. Við uppskrift á búinu reyndist gjaldþroti ekki eiga annað af nautpeningi og sauðfé en 3 kýr, 20 ær með lömbum, 3 ær geldar, 11 sauði tveggja og þriggja vetra og 6 kindur veturgamlar. Að því er upplýst hefir verið í máflutningnum hér í réttinum, voru kýrnar afhentar áfrýjanda upp í kröfu hans fyrir matsverð, 500 kr., og var þetta gert sam-

kvæmt ákvörðun skiptaréttarins. Aftur á móti var veðrétti hans í sauðfénu mótmælt af einum skuldheimtumannanna í búinu, Útbúi Landsbanka Íslands á Selfossi, og kvað skiptaráðandi upp úrskurð um þann ágreining 15. nóv. 1932 þess efnis, að krafa áfrýjanda um gildi veðréttarins skyldi eigi tekin til greina. Eftir því var úthlutun í búinu hagað og skiptum búans lokið sama dag og úrskurðurinn gekk.

Skiptum þessum og hinum áminnsta úrskurði hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar og krefst hann þess, að úrskurðinum og skiptunum verði hrundið, og að lagt verði fyrir skiptaráðandann að breyta úthlutunargerð í búinu þannig, að krafa áfrýjanda verði tekin til greina sem forgangskrafa samkvæmt veðrétti hans svo langt sem andvirði veðsins nær til. Svo krefst hann og að stefndu verði dæmdir til að greiða sér málskostnað í hæstarétti eftir mati réttarins. Af hálfu stefndu er þess krafist, að úrskurðurinn og skiptin verði staðfest og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað í hæstarétti eftir mati réttarins.

Það er aðalregla í íslenskum rétti, að samningsveð verði aðeins stofnað í einstaklega ákveðnum verðmætum. Séu fleiri hlutir veðsettir saman þarf því að sérgreina þá. Við handveðsetningu er sérgreining veðsins samfara vörzluskiptunum að því, en séu fleiri hlutir settir að sjálfsvörzluveði þarf að sérgreina hvern einstakan þeirra í veðgerningnum. Samkvæmt þessu er það bannað í 4. gr. veðlaga nr. 18, 4. nóv. 1887, að setja að sjálfsvörsluveði heildarsafn muna, þ. e. hóp ósérgreindra muna, sem einkendir eru einu almennu nafni. Frá þessu banni 4. gr. veðlaganna eru að vísu nokkrar und-

antekningar gerðar í lögum, en engin þeirra getur átt við veðrétt þann, er ræðir um í máli þessu. Í veðbréfi því, er hér ræðir um, er hið veðsetta sauðfé eigi sérgreint. Áfrýjanda er eigi gefinn veðréttur í tilteknum, einstökum sauðkindum, heldur aðeins í ákveðinni tölu af sauðfjäreign veðsala. Og þótt kveðið sé í veðbréfinu á um aldur fjárins kyn þess og sauðfjármarkið á því, þá felst eigi í því sérgreining veðsins heldur aðeins það, að tegundareinkenni þess eru ákveðin þrengri, enda er og gert ráð fyrir því í veðbréfinu, að veðsali setji aðrar jafngóðar kindur í stað þeirra, sem kunna að farast eða vera fargað. Í málinu eru eigi fyrir hendi upplýsingar um sauðfjäreign veðsala, er veðbréfið var gert, hvort hann með bréfinu hefir viljað veðsetja áfrýjanda alla sauðfjäreign sína eins og hún var þá, eða aðeins nokkurn hluta hennar. En hvort heldur hefir verið, þá er hér að ræða um sjálfsvörsluveðsetningu á heildarsafni hluta, sem samkvæmt framansögðu verður að meta ógilda þannig að hún veiti eigi áfrýjanda neinn forgangsrétt til andvirðis sauðfjárins í þrotabúi veðsala framar öðrum skuldheimtumönnum hans. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð og skiptin og dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað í hæstarétti, er ákveðst 100 krónur til hvors þeirra.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði og skiptum skal óraskað.

Áfrýjandi, Jónas Hvannberg, greiði stefnda, skiptaráðandanum í Árnessýslu, f. h. þrotabús

Friðriks Sigurðssonar og Útbúi Landsbanka Íslands á Selfossi, málskostnað í hæstarétti með 100 krónum til hvors þeirra að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Þá hefir umboðsmaður Jónasar Hvannbergs, sem einnig hafði umboð fyrir sonu þrotamanns, krafizt, að tekin verði til greina krafa hans um veðgildi skuldabréfs að því er snertir veðsettar 25 ær og 11 gemlinga. Fé þetta var aldrei sérmerkt, og er þá veð þetta að skoða sem safn af munum, sem eru samkynja og einkenndir einu nafni, en í lögum um veð 4. nóv. 1887 er slík sjálfsvörzluveðsetning beint bönnuð. Þegar af þessari ástæðu er eigi unnt að taka kröfur þessar til greina.

Mánudaginn 6. nóv. 1933.

Nr. 18/1933. **Réttvísinn** (Garðar Þorsteinsson)
gegn

**Ferdinand Carlson, Helga Benónýs-
syni** (Stefán Jóh. Stefánsson)
og Helga Benediktssyni
(Th. B. Lindal).

Brot gegn 262. og 262., sbr. 48. gr. hegningarlag-
anna.

Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 12. nóv. 1392: Ákærði, Ferdinand Carlson, bifreiðarstjóri í Vestmannaeyjum á að sæta 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiða allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður, þar með talin málsvarnarlaun, 50 krónur, til talsmanns síns, Stefáns Jóh. Stefánssonar, hæstaréttarmálaflutningsmanns.

Ákærði, Belgi Benónýsson, búfræðingur í Vestmannaeyjum, á að vera sýkn af kærnum réttvísinnar í máli þessu